

**BORGARRÁÐ 15. febrúar 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fartölvur sem þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur keypt á undanförunum tveimur árum - MSS24020088**

Óskað er eftir nákvæmum upplýsingum um hversu margar fartölvur þjónustu- og nýsköpunarsvið hafi hefur keypt á undanförunum tveimur árum, af hvaða tegund eða tegundum eru tölvurnar, hversu margar þeirra eru komnar í notkun og hversu margar eru enn ekki komnar í notkun.

**Greinargerð:**

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum varðandi það að fyrir 2 árum hafi þjónustu og nýsköpunarsvið keypt u.p.b. 5.000 fartölvur sem séu ekki allar enn komnar í notkun, og liggi þá væntanlega enn á lager sviðsins eða söluaðila. Í framhaldi séu þessar tölvur að detta úr söluábyrgð áður en þær eru komnar í notkun.